

Fjarðabyggð
Valur Sveinsson
Hafnarbraut 2
730 Fjarðabyggð



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. desember 2012
Tilvísun: UST20121000123/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027. Þéttbýlisuppráttur. Skipulagslýsing. Tillaga að deiliskipulagi Naust 1. Skipulagslýsing

Vísað er til erindis eigna- og skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027, þéttbýlisuppráttur fyrir Norðfjörð. Einnig er óskað umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Naust 1 við Norðfjarðarhöfn.

Hafnarstjórn Fjarðabyggðar áformar að stækka fiskiskipahöfnina á Norðfirði. Vegna áætlana um stækkun hafnarinnar þarf að gera tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027, þéttbýlisupprætti fyrir Norðfjörð.

Skipulagslýsing tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027

Lýsing breytingartillögu gerir ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum: Nýr hafnargarður með enda innan við enda Skjólgarðs, 70 m hafnarmynni með tunnu á enda, 210 m snúningsrými upp að köntum. Togarabryggja lengd um 60 m til suðurs. Lækurinn færður til austurs. Möguleg landfylling við smábátahöfn. Ný smábátahöfn (færsla núverandi hafnar) með rými fyrir tvær flotbryggjur, 50 og 60 m langar, með legu beggja vegna, auk 40 m öldubrjótis nyrst með legu öðru megin.

Iðnaðarsvæði II

Í breytingartillögu aðalskipulags sem skipulagslýsingin nær til er gert ráð fyrir að athafnasvæði A1 verði hafnarsvæði. Í dag er á athafnasvæðinu söfnunarstöð fyrir úrgang, sem mun flytjast á svæði II. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að stuðlað verði að vönduðum frágangi á svæði II, til að forðast neikvæð sjónræn áhrif. Einnig er mikilvægt að fram komi í deiliskipulagstillögu meðferð á regnvatni á svæðinu, þ.e. hvernig komið verði í veg fyrir að regnvatn blandist mengun á sorpsöfnunarsvæðinu og fari síðan í sjóinn.

Fráveita

Þar sem á iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir starfsemi sem talin er geta haft mengun í för með sér, telur Umhverfisstofnun mikilvægt að í deiliskipulagstillögu verði gerð verði grein fyrir fráveitu frá iðnaðarsvæðinu.

Hafnarsvæði

Fram kemur í skipulagslýsingunni að ýmsar framkvæmdir eru áætlaðar á hafnarsvæðinu m.a.: nýr hafnargarður með enda innan við enda Skjólgarðs, togarabryggja lengd um 60 m til suðurs og möguleg landfylling við smábátahöfn. Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf nána grein fyrir öllum landfyllingum, stærð þeirra og efnisnotkun. Einni er mikilvægt að mati stofnunarinnar að öll umhverfisáhrif af landfyllingum komi fram í umhverfisskýrslu og að einnig komi fram úr hvaða námum efni er fengið í fyllingar. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum falla landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri undir 2. viðauka, þ.e. framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mögulega flokkast ofangreindar framkvæmdir sem varp í hafið sem er leyfisskylt skv. lögum nr. 33/2004.

Skipulagslýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði Naust 1 í Fjarðabyggð.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagslýsingu tillögu að deiliskipulagi aðalskipulagsbreytingu Fjarðarbyggðar 2007 – 2027

Iðnaðarsvæði

Í breytingartillögu sem skipulagslýsingin nær til er gert ráð fyrir að athafnasvæði A1 verði hafnarsvæði. Í dag er á athafnasvæðinu söfnunarstöð fyrir úrgang, sem mun flytjast á svæði II. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að stuðlað verði vönduðum frágangi á svæði II, til að forðast neikvæð sjónræn áhrif. Einnig er mikilvægt að fram komi í deiliskipulagstillögu meðferð á regnvatni á svæðinu, þ.e. hvernig komið verði í veg fyrir að regnvatn blandist mengun á sorpsöfnunarsvæðinu og fari síðan í sjóinn.


Fráveita

Mikilvægt að gerð verði grein fyrir fráveitu frá iðnaðarsvæðinu.

Deiliskipulagsskilmálar

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem um mjög margvíslega starfsemi er að ræða á þeim lóðum er starfsemin nær yfir, er mikilvægt að fram komi í deiliskipulagi þær reglur og skilyrði er gilda um starfsemi s.s. spennistöð, tanksvæði o.þ.h.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun